

EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	3
UM OFBELDI	5
ÚR ATHVARFINU	7
Komutölur	7
Barnastarf	19
ÚR BARÁTTUNNI	20
REKSTUR SAMTAKA UM KVENNAATHVARF	22



Fundur með Kelly Johnson um samanburð á lögum um heimilisofbeldi og úrræði fyrir brotaþola á Íslandi og í Skotlandi.



Hverfisgata 12, yfirgefin eftir mörg góð ár.



Fjáröflunaráttak Hildar Gunnlaugsdóttur á Þorláksmessu.



Zontakonur úr Mosfellsbæ komu færandi hendi með húsgögn í nýja stofu.



Gunnar smiður og bjargvættur okkar í húsamálum.

Aðalfundur Samtaka um Kvennaathvarf var haldinn á Hallveigarstöðum þann 27. maí 2013. Samkvæmt lögum samtakanna er kosið til tveggja ára setu í stjórn en til eins árs í varastjórn. Tvö sæti voru laus í stjórn, en þau áttu Fríða Bragadóttir ritari og Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir gjaldkeri. Þær gáfu kost á sér til stjórnarsetu áfram. Sömuleiðis gáfu varamenn stjórnar kost á sér áfram, þær Jóna Sólveig Elínardóttir og Barbara Kristvinsson. Engar breytingar urðu því á stjórnarskipaninni árið 2013. Þórdís Elva var áfram stjórnarformaður, Birna Þórarinsdóttir varaformaður og Edda Ólafsdóttir meðstjórnandi.

Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er að móta stefnu athvarfsins. Hún er framkvæmdateymi og öðrum starfskonum athvarfsins bakland bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórnin fundaði um það bil mánaðarlega, eða alls 12 sinnum árið 2013. Að venju sóttu konur í varastjórn fundi eftir því sem þær áttu kost. Milli fundu áttu stjórnarkonur og framkvæmdateymi samskipti gegnum tölvupóst og síma eftir þörfum. Fundir stjórnarinnar árið 2013 voru líflegri en oft áður þegar gleðigjafinn Þórarinn, sem fæddist á árinu, fylgdi varaformanninum móður sinni á fundi og hafði sitthvað til málanna að leggja.

Stefna mörkuð

Fyrsta verk stjórnar eftir aðalfund var að setja saman starfsmannastefnu og eineltisáætlun fyrir athvarfið. Mikill metnaður var lagður í verkið og leitað fanga í bestu starfsmannastefnum og eineltisáætlunum landsins. Það var með stolti sem stjórnin samþykkti nýja starfsmannastefnu í júní 2013, sem endurspeglar anda og framtíðarsýn athvarfsins. Sé gripið niður í aðra grein hennar

segir: „Kvennaatvarfið fagnar fjölbreytileika og leggur áherslu á að skapa andrúmsloft sem er laust við fordóma á grundvelli uppruna, litarháttar, þjóðernis, heilsufars, kynhneigðar, trúarlegs- eða menningarlegs bakgrunns.“ Umburðarlyndi fyrir ólíkum þörfum og aðstæðum hvernar konu er eitt af leiðarljósum athvarfsins. Þá var fyrsta eineltisáætlunin sem sérsniðin er að þörfum Kvennaathvarfsins einnig samþykkt sumarið 2013. Starfsmannastefnan og eineltisáætlunin styðja hvor við aðra og er ætlað að tryggja að öllum líði sem best í athvarfinu, bæði starfsfólki og þeim konum sem þangað leita.

Breytingar á starfi og starfsliði

Tími var kominn til að gera breytingar á vaktakerfi og ráðningarsamningum starfsfólks Samtaka um kvennaathvarf, til að falla sem best að starfsemi athvarfsins. Í því skyni var starfsfólki sagt upp til að segja gömlum samningum lausum, en var það jafnframt hvatt til að sækja um starf í athvarfinu að nýju. Þá tók við nýtt og skilvirkara vaktakerfi, eftir að stjórn og framkvæmdateymi leitaði ráða hjá sérfræðingum í vinnuskipulagi. Árið 2013 varð töluverð endurnýjun í starfsliði Samtaka um kvennaathvarf þegar tvær nýjar starfskonur hófu störf, sem eru dýrmæt viðbót við þann mannauð sem athvarfið býr yfir. Unnið var að uppbyggingu faglegs starfs í athvarfinu og sérleg áhersla lögð á hópastarf, fræðslu og barnastarf.

Ný ásýnd gamals húss

Húsið sem Samtök um kvennaathvarf festi kaup á haustið 2012 og flutti í um miðjan febrúar 2013 þarfnaðist töluverðra endurbóta og stóðu þær fram eftir hausti. Aukaherbergi var innréttað í kjallaranum til að bæta ennfremur nýtingarmöguleika hússins og var þess gætt að aðgengi fatlaðra

væri greitt innanhúss. Slíkum aðgangi var ábótavant í fyrra húsnæði athvarfsins og þykir þetta mikið framfaraskref. Starfskonur og framkvæmdateymi eiga hrós skilið fyrir að hafa látið sér lynda hamarshögg og atgang iðnaðarmanna í daglegu starfi mánuðum saman. Kosturinn er sá að viðhaldskostnaður hússins ætti að vera í lágmarki næstu árin og innviðin eins og ný.

Fjármál og gjafir

Sem fyrr naut Kvennaathvarfið góðs af margs konar gjafmildi hvaðanæva að úr samfélaginu árið 2013. Listinn yfir velunnara athvarfsins er of langur til að rekja hér, en allir sem létu fé af hendi rakna eiga skilið innilegar þakkir fyrir framlag sitt. Stjórnendur og starfsfólk athvarfsins munu seint gleyma því þegar auglýst var eftir innbúi í desembermánuði og geymslur hússins bókstaflega fylltust af húsgögnum og munum sem lögðu grunninn að nýrri framtíð fyrir nokkrar konur sem á þurftu að halda. Hér sannaðist hið margkveðna að margt smátt gerir eitt stórt.

Þrátt fyrir margskonar örlæti reiðir Kvennaathvarfið sig að mestu leyti á fjárlög frá ríkinu. Í þeim efnum voru blikur á lofti árið 2013, en eftir margra ára samdrátt var rekstur athvarfsins kominn að þolmörkum. Aukafjárveiting fékkst samþykkt og beinir stjórn Samtaka um kvennaathvarf þeim tilmælum til stjórnvalda að tryggja

fjárhagslegan grundvöll þessa eina sólarhringsathvarfs á Íslandi fyrir konur og börn sem flýja þurfa heimili sitt vegna ofbeldis.

Verkefnið framundan

Alls dvöldu 222 konur og börn í Kvennaathvarfinu árið 2013, en um miðjan nóvember var athvarfið búið að hýsa fleiri en allt árið þar á undan. Rýmra er um hvern og einn í nýja húsnæðinu en þó eru það alltaf viss vonbrigði þegar tala þeirra sem þurfa að leita til athvarfsins hækkar milli ára. Ljóst er að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi er hvergi nærri lokið og að beita þarf margþættri nálgun til að ná árangri. Í því samhengi ber að nefna einn verst stadda hópinn; þá sem seldir eru mansali. Kristínarhús, athvarf sem Stígamót ráku fyrir þolendur mansals og vændis, lokaði á árinu 2013. Þótt Samtök um kvennaathvarf sé fyrst og fremst að þjónusta þolendur ofbeldis í nánum samböndum standa dyrnar ávallt opnar fyrir þolendur hverskyns kynbundins ofbeldis. Stjórn Samtaka um kvennaathvarf skorar þó á stjórnvöld hér með að finna sérhæft framtíðarúrræði fyrir þolendur kynlífsþrælkunar og vændis og efna þar með áætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali 2013-2016.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka um kvennaathvarf,

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, formaður.

Ofbeldi í nánum samböndum

Undir hugtakið fellur líkamlegt, sálrænt og kynferðislegt ofbeldi auk ýmis konar hegðunar sem felur í sér stjórnun og þvinganir. Sérstaða ofbeldis í nánum samböndum felst í því að ofbeldismaður og brotþoli tengjast nánum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella auk þess að gera brotþola erfiðara um vik að slíta tengsl við ofbeldismanninn. Samtök um kvennaathvarf tala um ofbeldi í nánum samböndum sem kynbundið ofbeldi til að undirstrika þá staðreynd að ofbeldi af þessu tagi er í yfirgnæfandi meirihluta tilfella ofbeldi karla gegn konum. Þar með er þó ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að karlar verða líka fyrir ofbeldi í nánum samböndum.

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi karla gegn konum merkir það hvers konar ofbeldisverknað sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum, kynferðislegum og/eða sálrænum skaða eða þjáningum eða gæti gert það. Hugtækið nær einnig yfir hótanir um slíkan verknað svo og gerræðislega þvingun eða frelsissviptingu, hvort sem er á opinberum vettvangi eða í einkalífinu. Ofbeldi karla gegn konum felur því í sér ofbeldi sem kona verður fyrir af því að hún er kona eða ofbeldi sem í yfirgnæfandi meirihluta tilfella beinist að konum.

Kynbundið ofbeldi er stærsta heilsufarsvandamál kvenna í heiminum og á rætur að rekja til félagslegra yfirráða karla á flestum sviðum samfélagsins og þess hversu samtvinnað valdinu kyngjerfi karla er. Ofbeldi karla gegn konum er versta birtingamynd kynjamisréttis og baráttan gegn því er því óhjákvæmilegur hluti af jafnréttisbaráttunni í heild sinni.

Markmið Samtaka um kvennaathvarf er að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar

dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs, líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis og fyrir konur sem hefur verið nauðgað. Einnig að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi meðal annars til að auka skilning í samfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði brotþola.

Boðað var til stofnfundar Samtaka um kvennaathvarf 2. júní 1982 þar sem ákveðið var að opna athvarf fyrir konur sem ekki gætu búið heima hjá sér vegna ofbeldis og 6. desember sama ár opnaði Kvennaathvarfið.

Fimm konur sitja í stjórn Samtaka um kvennaathvarf og tvær til vara. Þær eru kjörnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn er í maí ár hvert. Þar eru einnig samþykktar grundvallarbreytingar á starfsemi Samtaka um kvennaathvarf. Haldnir eru stjórnarfundir á þriggja vikna fresti en oftast ef þörf er á. Þar hittast stjórn og framkvæmdateymi og bera saman bækur sínar en stjórnin ber ábyrgð á starfseminni í heild, tekur allar helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis. Í framkvæmdateymi sitja framkvæmdastýra og rekstrarstýra og bera þær ábyrgð á daglegum rekstri síns starfssviðs en vaktstýra annast daglega umsýslu í athvarfinu sjálfu. Að auki standa fimm starfskonur vaktina í Kvennaathvarfinu, sinna ráðgjöf og stuðningi við konur og börn og halda athvarfinu opnu allan sólarhringinn, árið um kring. Samtök um kvennaathvarf voru í upphafi grasrótarsamtök en árið 1995 var horfið frá því fyrirkomulagi og mynduð formleg samtök. Árið 2010 var stofnuð sjálfseignarstofnun um húseign Kvennaathvarfsins en rekstur athvarfsins helst óbreyttur.

Kvennaathvarfið býður brotapolum ferns konar þjónustu

- Dvöl fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis og dvöl fyrir konur sem hefur verið nauðgað.
- Ráðgjöf og stuðningsviðtöl þar sem konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum geta fengið stuðning og ráðgjöf án þess að til dvalar komi. Æskilegt er að hringja áður í síma 5611205 og panta tíma.
- Símaráðgjöf þar sem konur geta fengið stuðning og ráðgjöf allan sólarhringinn. Einnig aðstandendur, fagaðilar og aðrir sem þurfa á upplýsingum um kynbundið ofbeldi að halda.
- Sjálfshjálparhópar þar sem konur sem hafa verið beittar ofbeldi styrkja sig í félagi við aðrar konur. Nauðsynlegt er að koma í stuðningsviðtal áður.
- Einnig býður Kvennaathvarfið upp á fræðslu og upplýsingar um ofbeldi í nánnum samböndum, svo sem til skóla, vinnustaða og félagasamtaka.

Oftast er einhver fyrirvari á komu kvenna og barna í Kvennaathvarfið. Lagður er metnaður í að taka vel á móti þeim og gefa þeim góðan tíma svo stuðningur athvarfsins nýtist sem best. Eftir fremsta megni er reynt að koma til móts við allar konur sem eru þolendur ofbeldis. Þó er, í einstaka tilfellum, ekki hægt að taka á móti konum í dvöl vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eða ef andlegt eða líkamlegt ástand þeirra er þannig að stuðningurinn sem athvarfið býður upp á er ekki nægjanlegur eða viðeigandi miðað við þarfir þeirra. Konum er bent á önnur úrræði séu þau talin henta betur. Heimilisfangi

Kvennaathvarfsins er haldið leyndu því þar eiga konur að finna öryggi og skjól.

Lífið í athvarfinu

Í athvarfinu ríkir algjör trúnaður um það sem fer á milli starfskvenna og dvalarkvenna. Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði að konan er sérfræðingur í sínum málum og að hún þurfi aðeins tímabundna aðstoð til að takast á við aðstæður sínar og byggja upp líf án ofbeldis. Konum eru veitt stuðningsviðtöl á meðan á dvöl stendur og oft fá þær mikið út úr samskiptum við konur með svipaða reynslu. Konur fá fræðslu um ofbeldi og afleiðingar þess og ráðgjöf um sjálfsstyrkingu. Konurnar bera ábyrgð á börnum sínum en starfskonur og sjálfboðaliðar athvarfsins sinna þeim líka ef þörf krefur.

Starfskonur og dvalarkonur skipta með sér húsverkum. Fundir eru haldnir vikulega þar sem farið er yfir samskiptin í húsinu og líðan kvenna. Reglur gilda um háttatíma barna og reynt er eftir fremsta megni að skapa öryggi og festu í starfinu svo dvölin verði árangursrík og sambúð kvenna og barna sem þægilegust. Kvennaathvarfið er fallett og heimilislegt hús þar sem allir leggja sitt af mörkum til að vel gangi og reynt er að líkja eftir venjulegu heimilislífi.

Konur eru hvattar til að gefa sér tíma í athvarfinu til að ná áttum, hvílast og styrkjast. Þær fá aðstoð við að komast í samband við rétta aðila svo sem lögreglu, félagsþjónustu, lögfræðing og aðra fagaðila. Snyrtifræðingur veitir þjónustu með reglulegu millibili og aðrir sjálfboðaliðar sinna börnunum í athvarfinu; fara með þau í ýmsar skemmtiferðir og aðstoða við heimanám.

Eftir að dvöl lýkur geta konur áfram komið í stuðningsviðtöl eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.


KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ 2006-2013

	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Komur samtals	708	739	671	864	605	549	470	712
Viðtöl	583	626	546	746	487	419	368	613
Dvöl	125	113	107	118	118	130	101	99
Dvalarkonur án barna	61	56	62	79	74	81	55	58
Dvalarkonur með börn	64	57	45	39	44	49	46	41
Fjöldi barna	97	87	67	54	60	77	68	57

Árið 2013 voru skráðar 125 komur í dvöl í Kvennaathvarfinu og 583 í viðtöl, alls 708 komur. Margar konur koma oft en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl en í heildina leitaði 351 kona í athvarfið á árinu. Hér eru ótalin viðtöl sem tekin eru við dvalarkonur en hver þeirra fær að lágmarki vikulegt viðtal. Neyðarsími Kvennaathvarfsins er opinn allan sólarhringinn, allan ársins hring og þar er veitt ráðgjöf og stuðningur. Þangað hringja, auk kvenna eru eða hafa verið beittar ofbeldi, karlar sem eru beittir ofbeldi, aðstandendur brotaþola og fagfólk.


Aðsókn í Kvennaathvarfið segir ekki til um umfang ofbeldis í nánnum samböndum hér á landi því ljóst er að einungis lítill hluti brotaþola

leitar í Kvennaathvarfið á ári hverju. Breytingar á aðsókn segja frekar til um það hvort konur þekki þjónustuna sem athvarfið býður upp á og séu tilbúnar til að nýta sér hana. Í árslok 2010 voru kynntar niðurstöður rannsóknar á ofbeldi gegn konum sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2008. Af þeim rúmlega 2.000 konum á aldrinum 18-80 ára sem tóku þátt í rannsókninni sögðust rúmlega 22% hafa verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánú sambandi frá 16 ára aldri. Milli 1 og 2% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka á undangengnum 12 mánuðum. Það jafngildir á bilinu 1200 til 2300 konum.



Á árinu 2013 dvöldu 125 konur og 97 börn í Kvennaathvarfinu í allt frá einum degi og upp í 183 daga. Meðaldvöl kvenna varði í 17 daga en það er 3 dögum styttri meðaldvöl en árið á undan. Að jafnaði dvelja konur með börn lengur en barnlausar konur og konur af erlendum uppruna lengur en íslenskar konur. Börn dvöldu í athvarfinu í að meðaltali 21 dag. Að meðaltali dvöldu 6 konur og 5 börn

í athvarfinu á degi hverjum en fjöldi dreifðist mjög misjafnlega yfir árið. Almennt er stefnt að því að dvöl vari ekki lengur en einn mánuð enda er Kvennaathvarfið neyðarathvarf og ýmis úrræði ættu að taka við eftir dvöl í athvarfinu. Þetta gengur ekki alltaf eftir, til dæmis dvöldu 6 börn í athvarfinu í meira en 100 daga árið 2013.



Árið 2013 komu 97 börn til dvalar með mæðrum sínum í Kvennaathvarfinu, 49 strákar og 48 stelpur. 37 af börnunum komu með íslenskri móður en 60 með móður af erlendum uppruna. Yngsta barnið var


nokkurra vikna gamalt en það elsta 16 ára. Unglingar dvelja gjarnan hjá ættingjum eða vinum á meðan mæðurnar eru í athvarfinu, meðal annars til að eiga betra með að stunda skóla, félagsstarf eða umgangast vini sína.

YFIRLIT 1983 - 2013

Taflan sýnir yfirlit yfir starfsemi Kvennaathvarfsins frá 1. janúar 1983 og til ársloka 2013. Munurinn á fjölda koma og fjölda dvalarkvenna frá 1988 stafar af því að síðan þá hefur konum sem ekki dvelja í athvarfinu verið boðið upp á viðtöl.


	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Komur	151	178	147	135	114	154	152	179	217	372	375	395	283	368	395	400
1. sinn %	78%		55%	58%	59%	49%	60%	55%	62%	34%	47%	50%	39%	28%	33%	28%
Áverkar %	39%		42%	27%	17%	23%	26%	26%	26%	22%	22%	21%	18%	13%	15%	16%
Íbúar																
Konur	151	178	147	135	114	111	90	92	92	148	152	168	136	111	118	114
Börn	108	137	106	143	107	106	90	90	116	150	181	184	131	115	113	98
Samtals	259	315	253	278	221	217	180	182	208	298	333	352	264	226	231	212
Dvalardagar																
Konur	1222	2048	1580	1865	1037	1240	968	983	1631	2334	2726	3043	1771	2219	1764	1932
Börn	1335	2272	1495	2851	1735	1136	920	1234	3251	3277	2726	4370	2455	2219	1907	2254
Samtals	2557	4320	3075	4716	2772	2376	1888	2217	4882	5611	6387	7413	4226	5402	3671	4186
Meðaltíð/ dagar																
Konur	8	11	11	14	9	11	11	11	18	16	18	18	13	20	15	17
Börn	12	17	14	20	16	11	10	14	28	22	20	24	19	28	17	23
Konur á dag	3	6	4	5	3	3	3	3	5	6	8	8	5	6	5	5
Börn á dag	4	6	4	8	5	3	3	3	9	9	10	12	6	9	5	6
Íbúar á dag	7	12	8	13	8	6	6	6	14	15	18	20	11	15	10	11

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Komur	298	347	503	435	388	531	557	712	470	549	605	864	671	739	708
1. sinn %	45%	42%	33%	44%	42%	33%	34%	45%	48%	61%	56%	54%	50%	56%	48%
Áverkar %	14%	18%	12%	13%	16%	34%	20%	23%	27%	24%	20%	26%	17%	18%	21%
Íbúar															
Konur	117	95	97	55	73	88	92	99	101	130	118	118	107	113	125
Börn	80	61	74	41	59	55	76	58	66	77	60	54	67	87	97
Samtals	197	156	171	96	132	143	166	157	176	207	178	172	174	200	222
Dvalardagar															
Konur	1265	950	848	435	819	1040	1313	1345	1563	2190	1346	1601	1599	2186	2128
Börn	1314	946	613	306	682	528	1227	1118	918	1334	563	992	1337	2071	1989
Samtals	2579	1896	1461	741	1501	1568	2540	2463	2481	3524	1909	2593	2936	4257	4117
Meðaltvöl/ dagar															
Konur	11	10	9	8	11	12	14	14	16	17	11	14	15	20	17
Börn	8	16	8	7	12	10	16	20	14	18	10	18	23	24	21
Konur á dag	4	3	2	1	2	3	4	4	4	6	4	5	4	6	6
Börn á dag	4	3	2	1	2	1	3	3	3	4	2	3	4	6	5
Íbúar á dag	8	6	4	2	4	4	7	7	7	10	6	8	8	12	11



Við komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar um ástæðu þess að þær leita þangað. Langflestar nefna fleiri en eina ástæðu, þær sem nefna líkamlegt ofbeldi nefna til dæmis nánast alltaf andlegt ofbeldi líka enda er andlegt ofbeldi óhjákvæmilegur fylgifiskur líkamslegs ofbeldis. Við fyrstu komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar að því hvað hafi ráðið því að þær komu einmitt þann dag sem þær komu. Flestar segjast hafa


komið í kjölfar einstakra ofbeldistílfella en þó ekki endilega fyrsta tilfellis eða þess grófasta, aðrar segjast hafa komið í leit að ákveðnum upplýsingum sem þær vantaði einmitt á þeim tíma, hafa komið fyrir hvatningu einhvers eða vegna umfjöllunar í fjölmiðlum. Flestar segjar raunar að þegar þær komu hafi mælirinn einfaldlega verið fullur eða eins og ein orðaði það „það var núna eða ekki“.




Í rannsókn sem Elva Dögg Ásu og Kristinsdóttir gerði á gögnum Kvennaathvarfsins frá árunum 2001-2008 kom í ljós að á þessu tímabili var rúmlega helmingur ofbeldismannanna þáverandi eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar brotþola en þriðjungur fyrrum eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar. Einnig kom

í ljós að ofbeldismennirnir voru þversnið þjóðarinnar hvað varðar menntun og stöðu á vinnumarkaði. Margar konur búa við ofbeldi, ótta og öryggisleysi eftir að hafa slitið sambandi við ofbeldismann og raunar tekur ofbeldið oft á sig grófari myndir eftir að kona hefur gert alvöru úr því að fara frá ofbeldismanninum.

ALDUR KVENNA



ALDUR OFBELDISMANNA



Árið 2013 komu í Kvennaathvarfið 351 kona á aldrinum 15-74 ára. Meðalaldur var 37 ár. Stúlkur sem ekki eru orðnar 18 ára koma stöku sinnum í viðtöl með samþykki forráðamanna og eru þá skráðar sem konur í viðtalsskýrslum en til dvalar koma þær

eingöngu með mæðrum sínum og eru þá skráðar inn sem börn.

Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 17-81 árs á þeim tíma sem konurnar komu í athvarfið. Meðalaldur þeirra var 41 ár, 4 árum hærri en meðalaldur brotaþola.

ÞJÓÐERNI OFBELDISMANNA 2011 - 2013

	2013	2012	2011
Ísland	85%	80%	81%
Evrópa	8%	13%	13%
Afríka	4%	1%	1%
Ameríka	1%	2%	3%
Asía	2%	4%	2%


Ofbeldismennirnir koma frá 27 löndum; 85% frá Íslandi, ofbeldismenn af erlendum uppruna eru í flestum tilfellum samlandar brotaþola.


ÞJÓÐERNI DVALARKVENNA 2009 - 2013

	2013	2012	2011	2010	2009
Ísland	68%	66%	69%	68%	75%
Evrópa	16%	17%	21%	18%	13%
Afríka	5%	5%	4%	3%	4%
Ameríka	4%	5%	2%	4%	4%
Asía	7%	7%	4%	7%	4%

Árið 2013 komu konur frá 37 löndum í Kvennaathvarfið. Hlutfall erlendra kvenna er hærra í Kvennaathvarfinu en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að venda en íslenskar konur séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánum samböndum. Samkvæmt rannsókn Hildar Guðmundsdóttur vaktstýru Kvennaathvarfsins á aðstæðum


kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið er mikill munur á upplifun og aðstæðum kvenna eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafis innan EES. Staða þeirra sem koma frá löndum innan EES er að sumu leyti heldur auðveldari en hinna sem stundum eru háðar maka varðandi íslenskt atvinnuleyfi. Árið 2013 voru 68% kvenna sem notuðu þjónustu Kvennaathvarfsins íslenskar, 14% koma frá öðrum löndum innan EES og 18% frá löndum utan EES.






Þegar spurt er um líðan kvenna við komu í Kvennaathvarfið kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hefur þjáðst af margskonar andlegum og líkamlegum kvillum vikurnar áður en þær komu. Einnig kom í ljós að nær helmingur hefur greinst með langvarandi sjúkdóm síðan ofbeldið hófst, flestar með þunglyndi eða gigt af einhverju tagi. Um

21% voru með líkamlega áverka við komu í athvarfið en 64% höfðu áður hlotið líkamlega áverka í sambandinu. Flestar voru með mar, bólgur og skrámur en aðrar t.d. brunasár eða beinbrot. Margar segja andlegar afleiðingar ofbeldisins enn sársukafyllri og meira langvarandi en þær líkamlegu.





Það kemur fram í komuskýrslum að 9% kvennanna höfðu kært ofbeldið til lögreglu. Nokkrar til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu eða í framhaldi af komu þangað en upp úr stendur að minnihluti brotþola kærir ofbeldið. Það kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar sem velferðarráðuneytið lét gera á líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum en þar sögðust 13% kvenna sem beittar höfðu verið ofbeldi hafa kært síðasta ofbeldistilfelli til lögreglu. Í rannsókninni voru konur jafnframt spurðar um ástæður þess að þær höfðu ekki kært og nefndu flestar að þeim hafi ekki þótt ofbeldið nógu alvarlegt. Konurnar sem koma í Kvennaathvarfið nefna gjarnan sömu ástæðu; telja ofbeldið ekki hafa verið nógu alvarlegt

eða að þær hafi átt einhvern þátt í því. Aðrar segja það erfiða ákvörðun að leggja fram kæru á hendur einhverjum svo nákomnum auk þess sem þær eru oft dauðhræddar við ofbeldismennina og óttast að ofbeldið muni aukast í kjölfar þess að þær leggi fram kæru. Fjöldi dóma yfir ofbeldismönnum hvetja konur heldur ekki til að sækja rétt sinn. Starfskonur Kvennaathvarfsins þrýsta ekki á konur að kæra en veita ráðgjöf varðandi kæruférlíð og hjálpa konum til að sjá alvarleika ofbeldisins. Einnig fá konur aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu sem er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og er með viðtalstíma í athvarfinu eftir því sem þurfa þykir.


BÚSETA KVENNA

	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Reykjavík	55%	53%	55%	52%	57%	53%
Höfuðborgarsvæðið	26%	26%	20%	24%	22%	24%
Suðurnes	7%	6%	6%	7%	6%	7%
Vesturland	1%	3%	4%	3%	3%	3%
Norðurland	1%	3%	5%	3%	4%	2%
Austurland	2%	0%	0%	1%	1%	1%
Suðurland	4%	2%	3%	4%	3%	5%
Erlendis	2%	3%	3%	3%	1%	1%
Ekki vitað	2%	5%	4%	3%	3%	4%

Kvennaathvarfið er eina athvarfið sinnar tegundar á Íslandi og þjónar því landinu öllu. Konur utan af landi fá gjarnan aðstoð frá félagsþjónustunni í sínu sveitarfélagi til að komast í Kvennaathvarfið en þó er ljóst að erfiðara er fyrir konur fjarri

höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þjónustu athvarfsins. Konur sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl eru boðin símaviðtöl og einnig leita konur í vaxandi mæli eftir ráðgjöf í gegn um tölvupóst.

HVERT FARA KONUR EFTIR DVÖL Í KVENNAATHVARFI?



Starfskonur Kvennaathvarfsins setja sig alla jafna ekki í samband við konur eftir að dvöl lýkur en konurnar eru hvattar til að hafa samband sjálfar hafi þær þörf fyrir það. Af

þessum sökum er tilviljanakennt hversu mikið vitað er um stöðu kvenna sem lokið hafa dvöl í athvarfinu.

Barnastarf

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfi enda eru þau ekki síður í kreppu en mæðurnar. Þau upplifa oft tilfinningar eins og ótta, varnarleysi, einangrun, sjálfsásökun, skömm og ótímabæra ábyrgð. Stefnt að því að barnið eigi góðar stundir í athvarfinu og leggja þar margir hönd á plóginn. Við Kvennaathvarfið starfar góður hópur sjálfboðaliða sem sinna barnastarfi í athvarfinu. Barnastarfið er skipulagt út frá aðstæðum hverju sinni og miðar að því að börnin fái tilbreytingu og skemmtilegar upplifanir. Sjálfboðaliðarnir velja afþreyingu í samræmi við aldur barnanna, ef aðstæður leyfa er farið út, til dæmis í Húsdýragarðinn, í keilu eða sund auk þess sem leikhúsin í borginni hafa verið iðin við að bjóða á sýningar. Ef aðstæður bjóða ekki upp á útiveru er aðstaða í athvarfinu til að vera með börnin í ýmsum verkefnum svo sem að leika, mála eða spila. Starf sjálfboðaliðanna er mikilvægur þáttur í starfsemi Kvennaathvarfsins og til þess fallið að auka lífsgæði barna sem þar dvelja. Einnig miðar barnastarfið að því að mæðurnar í athvarfinu fái tíma fyrir sig sjálfar og að því að skapa ró í húsinu um stund. Starfskonur hafa leitað leiða til að innleiða aukna þjónustu við börn með þeim árangri að líðan barnanna og aðstæðum er nú í auknum mæli gefinn



gaumur. Árið 2012 naut Kvennaathvarfið þjónustu tilraunaverkefnis á vegum Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu en í því fólst meðal annars að sérfræðingur á vegum verkefnisins hitti stóran hluta þeirra barna sem kom í athvarfið á árinu, ræddi við þau og mat þörf þeirra fyrir áframhaldandi þjónustu. Eftir að tilraunaverkefninu lauk hafa starfskonur Kvennaathvarfsins leitað leiða til að viðhalda þjónustunni og nú hefur verið gerður samningur við Barnahús um að starfskonur þaðan sinni börnunum í athvarfinu. Er það vonandi skref í þá átt að litið sé á ofbeldi á heimilum sem ofbeldi gegn börnunum sem þar búa.

Eitt af markmiðum Samtaka um kvennaathvarf er að efla fræðslu og umræðu um ofbeldi í nánnum samböndum og stuðla að auknum skilningi á eðli og afleiðingum þess. Það er starfskonum Kvennaathvarfsins því bæði ljúft og skylt að verða við beiðnum um fræðslu um kynbundið ofbeldi og starfsemi athvarfsins. Á síðasta ári var rætt við nemendur fjölmargra framhaldsskóla og háskóla auk árlegrar heimsóknar í Lögregluskólann. Ýmist fór fræðslu- og framkvæmdastýra samtakanna í skólana eða hópur nemenda kom í athvarfið. Einnig sótti athvarfið heim starfsfólk frá Bandaríska sendiráðinu, hjúkrunarfræðingar af Neyðarmóttöku, starfskonur frá Stígamótum, fulltrúar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, stúkukonur úr Reykjavík og Soroptimistakonur úr Mosfellsbæ auk hópa frá þýskum, lettneskum, færeyskum og norskum félagasamtökum. Í kjölfar fyrirlestrar hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar bauð starfskona úr athvarfinu upp á sjálfshjálparhóp fyrir notendur endurhæfingarinnar.

Framkvæmdastýra talaði á fræðslufundi fyrir starfsfólk Vesturgarðs, á súpufundi Framsóknar í Reykjavík, á fundi Lionsklúbbsins Emblur á Selfossi, Inner Wheel og Zontakvenna í Reykjavík. Í aðdraganda kosninga stóðu samtökin fyrir morgunverðarfundum með fulltrúum framboða til Alþingis þar sem frambjóðendur gerðu grein fyrir áætlunum sínum varðandi ofbeldi í nánnum samböndum. Á fundinum var jafnframt sleginn lokatóninn í uppboð sem staðið hafði yfir á vefnum bland.is á munum sem hannaðir voru í tengslum við fjáröflunarverkefnið Öll með tölu árið áður. Við tókum þátt í málþingi um ofbeldi gegn fötluðum og í baráttufundi á 8. mars í samstarfi við fjölda félagasamtaka og stofnana, sátum fund með borgarstjóra, NPA miðstöðinni, Umboðsmanni barna

og Barnaverndarstofu, tókum þátt í starfi samráðshóps um mótun fjölskyldustefnu og sátum fund vegna málefna utangarðsfólks svo nokkuð sé nefnt. Einnig buðum við til fundar með Kelly Johnson, doktorsnema í lögum en hún gerði í sjálfboðavinnu samanburð á lögum og stuðningsúrræðum sem viðkoma ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi og í Skotlandi. Við tókum þátt í verkefninu fyrirlestrar. Is en tveir fyrirlestrar frá Kvennaathvarfinu voru vistaðir á heimasíðu verkefnisins. Framkvæmdastýra sat ráðstefnuna Nordiske kvinner mot vold í Færeyjum í ágúst.

Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf situr í stjórn verkefnisins Karlar til ábyrgðar og í Jafnréttisráði þar sem samtökin deila sæti með Stígamótum. Einnig sat framkvæmdastýra í Sérfræðiteymi um heimilisofbeldi á vegum velferðarráðuneytisins sem meðal annars stóð fyrir málþingi fyrir starfsfólk félagsþjónustu og barnaverndar. Samtök um kvennaathvarf eiga fulltrúa í ýmsum óformlegum félagsskap svo sem undirbúningshópum vegna 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi og baráttufundar á alþjóða baráttudegi kvenna og í teymi um málefni fólks af erlendum uppruna. Líkt og fyrri ár voru samtökin umsagnaraðilar í skýrslu Bandaríska sendiráðsins um mannréttindi með áherslu á mál sem snerta mansal.

Ánægjulegt var að sjá hversu vel ungt fólk studdi við bakið á Kvennaathvarfinu á síðasta ári. Á árinu dvöldu hjá okkur þrjár ungar sjálfboðaliðar í starfsnámi sem svo sannarlega kom sér vel á annatímum. Hljómsveitin Skátar hélt minningatónleika um látinn féлага og gaf ágóðann til athvarfsins og að sama skapi gaf tónlistarkonan Þórunn Antonína ágóðann af afmælistónleikum sínum. Þá má nefna átakið Kýlum á það sem þrjár nemendur úr HR stóðu fyrir í desember en það miðaði að því að

Úr baráttunni

safna fé fyrir athvarfið og vekja ungt fólk til vitundar um ofbeldi í nánum samböndum. Einnig verkefnið Góður pakki til styrktar Kvennaathvarfinu en á Þorláksmessu stóð ung kona fyrir því pakkað var inn jólagjöfum fyrir þá sem vildu og ágóðinn rann til athvarfsins.

Kvennaathvarfið leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla og var nokkuð í fjölmiðlaumræðu á árinu, ekki síst vegna flutninga í nýtt húsnæði í byrjun árs og í tengslum við viðtöku mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar í maí.



Við afhendingu mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar.



Þorláksmessa; Gabríel, Daniel og átakið Kýlum á það.

Lykiltölur úr ársreikningi 2013

Tölur úr ársreikningi fyrir 2012 eru birtar til samanburðar.

	2013	2012
Rekstrartekjur	67.317.194	58.958.682
Rekstrargjöld	70.539.548	67.384.310
Tekjuafgngur (tap) án vaxta	(3.222.354)	(8.425.628)
Fjármunatekjur	953.763	947.464
Óreglulegar tekjur	5.400.941	30.148.633
Tekjuafgangur (tap) ársins	3.132.530	22.670.469
Eignir í árslok		57.592.903

Rekstrartekjurnar á síðasta ári námu 67,3 milljónum á móti 58,9 milljónum árið áður og voru því rúmlega 8 milljónum króna hærrí. Auk þess voru sérstakar tekjur 5,4 milljónir. Rekstrargjöldin hækkuðu um rúmar 3 milljónir, fóru úr 67 milljónum í 70 milljónir.

Við árshlutauppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði ársins, kom í ljós verulegur taprekstur hjá athvarfinu eins og undanfarin ár og nam tapið um 4 milljónum króna. Auk venjulegra útgjalda þurfti að stofna til nokkurs kostnaðar vegna ýmissa tækja og búnaðar sem þurfti að endurnýja vegna flutnings í nýtt hús og væntanlega fellur sambærilegur kostnaður ekki til á næstu árum. Enn á eftir að koma í ljós hvort rekstrarkostnaður á nýju húsi reynist miklu dýrari en á fyrri stað.

Fram eftir árinu leit ekki vel út með að endar næðust saman og að 2013 yrði enn eitt árið sem gert yrði upp með rekstrartapi. Á síðari hluta ársins birti heldur til vegna styrkja og framlaga sem bárust frá ýmsum aðilum, auk þess sem greiddur var hluti af arfi eftir þau hjónin Þórð Guðnason og Ingu Ástu Eiríksdóttur, kr. 3 milljónir. Málaferli vegna galla á fasteign sem seld var úr búi þeirra, hefur valdið því að enn hefur lokauppgjör ekki farið fram, en eins og kannski einhverjir muna, þá fékk athvarfið 20 milljónir í arf eftir þau á síðasta ári. Á síðasta vinnudegi ársins barst styrkur frá Félagsmálaráðuneytinu til að nota í þágu barna sem í athvarfinu dvelja og þýddi það að í fyrsta sinn í mörg ár var rekstrarafgangur og reyndist hann vera 3,1 milljón.

Gjafir, áheit og óreglulegar tekjur

Styrkir og aðrar óreglulegar tekjur reyndust nokkuð drjúgur tekjupóstur á árinu. Einnig skiluðu sér tekjur vegna fjáröflunarverkefnisins „Öll með tölu“ sem aðallega var í gangi á árinu 2012 og ætlað til að standa straum af húsakaupum. Lokaniðurstaðan af því verkefni varð því sú, að teknu tilliti til kostnaðar sem til féll vegna verkefnisins, að það skilaði okkur um um 12 milljónum króna.

Auk þess urðu ýmsir til að gefa færa athvarfinu hússbúnað og er þar fyrst til að nefna, að Soroptimistaklúbburinn í Mosfellsbæ færði okkur húsbúnað í dagstofuna fyrir 500 þús. krónur.

Ársreikningur

Helstu styrkirnir sem athvarfinu bárust voru sem hér segir:

Arfsgreiðsla vegna Ingibjargar og Þórðar Guðnasonar	3.000.000.-
Félagsmálaráðuneytið til barnastarfs	3.000.000.-
Stéttarfélagið Efling	2.500.000.-
Rebekkustúkan Sigríður	350.000.-
Afrakstur minningartónleika	192.000.-
Ljósmeðrafélagið	131.500.-
Minningargjafir vegna Einars Guðmundssonar	150.000.-
Kolbeinn Sigurðsson	90.000.-

Margir aðrir færðu Kvennaathvarfinu góðar gjafir og eru þeim færðar bestu þakkir.

Rekstrarstyrkir

Rekstrarstyrkir frá opinberum aðilum til Kvennaathvarfins árið 2013

	2013	2012
Ríkissjóður	47,500,000	43,600,000
Reykjavíkurborg	11,003,000	11,000,003
Akranesbær	250,000	200,000
Akureyri	0	200,000
Árborg	100,000	0
Dalvík/Árskógssandur	0	50,000
Bolungarvík	0	20,000
Fjarðarbyggð	75,000	75,000
Garðabær	400,000	400,000
Grindavík	0	50,000
Hafnarfjörður	450,000	0
Hveragerði	120,000	120,000
Höfn í Hornafirði	130,000	130,000
Ísafjörður	0	30,000
Kópavogur	800,000	700,000
Kristnisjóður	300,000	300,000
Mosfellsbær	60,000	50,000
Rangárþing Eystra	100,000	100,000
Seltjarnarnes	0	50,000
Seyðisfjörður	0	10,000
Skagafjörður	75,000	80,000
	61,363,000	57,165,003
Rekstrargjöld samtals	59,030,017	56,793,427
	84%	90%